

Ed.

743. Nefndarálit

[181. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 51 10. júní 1964, um tekjustofna sveitarfélaga.

Frá 2. minni hl. heilbrigðis- og félagsmálanefndar.

Frumv. var rætt á tveim stuttum fundum í nefndinni sama daginn, og varð ekki samkomulag um afgreiðslu þess. Ekki voru nefndinni veittar neinar viðhlítandi efnislegar upplýsingar um þau málsatriði, sem jafnmikilvægt frv. og hér um ræðir verður að byggjast á, né talið mögulegt að afla þeirra sökum tímaskorts.

Stjórnarfrv. þetta um útsvör tákna, eins og frv. um tekjuskatt, áframhald þeirrar skattránsstefnu ríkisstjórnarinnar, sem almenningur hefur fengið að kynna á síðustu árum, og þó aldrei jafnharkalega og á síðastliðnu sumri. Þessi óbilgjarna stefna ríkisstjórnarinnar í skattamálum heinist eingöngu gegn þeim hluta þjóðarinnar, sem ekki ber meira úr bótum af heildartekjum þjóðarþúsins en það, sem rétt dugir fyrir lífsþörfum. Og þó er það einmitt þessi hluti þjóðarinnar, sem öðrum fremur fórnar kröftum sínum og heilsu til þess að bjarga í þjóðarbú, á óhæfilega löngum vinnudegi, þeim verðmætum, sem öll tilvera þjóðarinnar byggist á.

Ég geng þess ekki dulinn, að á hinu háa Alþingi er traustur meiri hluti fyrir því að breyta þessu frv. á þann veg, að hófsemi og réttlætis gæti gagnvart þeim þjóðfélagsstéttum, sem að framan er vísað til. Hitt er þá jafnljóst, að slíkt ofurvald grúfir nú yfir þessu elzta löggjafarþingi þjóðanna, að efni máls, sjálfsagðar réttlætiskröfur og rök er þar að litlu gjört.

Af þessum sökum og um leið og ég mótmæli meginstefnu ríkisstjórnarinnar í skattamálum, hef ég, án samráðs við þingflokk Alþýðubandalagsins, tekið þá ákvörðun að bera ekki fram brtt. við alla þá efnisliði frumvarpsins, sem með þyrfti til að gera það viðunandi.

Með þessu vil ég gera hvort tveggja í senn: að rækja skyldu mína sem þingmaður og nota rétt minn sem þingmaður til að mótmæla í verki því afskræmda lýðræði, sem hér er í uppsiglingu og hvað berlegast hefur komið í ljós í störfum Alþingis að undanförunu. Þessa afstöðu mína rökstyð ég m. a. með eftirfarandi:

Það er játað, að ráðherra kynni sér ekki einu sinni til hlitar tillögur stjórnarandstæðinga í stærstu þingmálum. Það er sannanlegt, að hin allra veigamestu þingmál eru rekin með slíkum ofsa gegnum þingið, að þingmönnum gefst ekki tími til að afla nauðsynlegra upplýsinga og gagna, né að láta þessi stórmál fá þinglega meðferð. Það er einnig sannanlegt, að hin allra mikilvægustu stórmál eru svo illa undirbúin af hálfu ríkisstjórnarinnar, að tölulegum upplýsingum svonefndra sérfræðinga stjórnarinnar um sömu málsatriði ber ekki saman milli tveggja þingskjala um sama mál, og jafnvel ekki einu sinni milli tveggja blaðsíðna í einu og sama þingskjali.

Það er á vitorði bæði þings og þjóðar, að engin efnisleg breytingartillaga þingmanna stjórnarandstöðunnar nær samþykki í þeim meginmálum, sem þingið fjallar um. Skiptir þar engu máli, hver efnisrök eru að baki tillögunnar.

Þegar svo er komið málum, er flutningur breytingartillagna í stórmálum og atkvæðagreiðslur um þær á hinu háa Alþingi Íslendinga nánast tiltekið innihalds-laust formsatriði.

Þessu tel ég bæði rétt og skylt að mótmæla eins eindregið og kostur er á, innan þeirra takmarka, sem þingræðislegar og lýðræðislegar reglur heimila.

Alþingi, 10. maí 1965.

Bergur Sigurbjörnsson.